

**310. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp,  
mánudaginn 30. september 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Berta Heimisdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

- 1. 2409288 - Íþróttahús Jaðarsbökkum - Fjölgun á körfuboltakörfum**

Körfuknattleiksfélag Akraness hefur óskað eftir að skoðaður verður sá möguleiki á að fjölga föstum körfuboltakörfum í nýju íþróttahúsi á Jaðarsbökkum sem eru hugsaðar fyrir minnibolta. Verkefnastjóri kynnir mögulegar lausnir og leggur fram kostnaðaráætlun.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fjölga föstum körfuboltakörfum um 6 í nýju íþróttahúsi á Jaðarsbökkum.*
- 2. 2409308 - Æðaroddi 27 - smáhýsi á lóð**

Ósk lóðarhafa Æðarodda 27 um að fjarlægður verður steypur hluti mannvirkis og rifinn niður hluti skúrs er liggur að lóðarmörkum Æðarodda 25. Eftir framkvæmdir mun standa á lóðinni léttbyggður skúr, að lámarki 3m frá aðliggjandi lóð nr. 25. Óskað er eftir heimild að ofangreindur skúr fái að standa á lóðarmörkum sem liggur að landi Akraneskaupstaðar. Einnig er óskað eftir að hæð skúrsins fái að halda sér.

*Skipulags- og umhverfisráð felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.*
- 3. 2409298 - Höfðasel 16 - Aðstaða Málm**

Tillaga Málm (á vegum Terru) um gerð aðstöðu í Gámu fyrir starfsemi við málmstöfnun lögð fram.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrsta áfanga framkvæmdaráætlunar Málm á lóð Höfðaseli 16.*
- 4. 2406240 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegur 1 - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 vegna Innnesvegur 1. Kynningarfundur fór fram 23. september 2024. Fundargerð lögð fram. Ásamt undirskriftalista dagsett 23. september 2024.

*Fundargerð lögð fram. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*
- 5. 2308168 - Deiliskipulag Flatarhverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting -**

### **umsókn til Skipulagsfulltúra**

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 5 og klasi 6 vegna Innnesvegur 1. Kynningarfundur fór fram 23. september 2024.

Fundargerð lögð fram. Ásamt undirskriftalista dagsett 23. september 2024.

*Fundargerð lögð fram. Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

#### **6. 2409016 - Dalbraut 8, Deiliskipulag- breyting**

Umræður um breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits, vegna Dalbraut 8, samfélagsmiðstöð. Farið yfir breytingar á byggingarreit.

*Breyting á deiliskipulagi Dalbrautarreits, vegna Dalbraut 8 lögð fram.*

#### **7. 2207011 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir norðurhluta**

Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi ásamt greinargerð fyrir Dalbrautarreit norðurhluta.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við Bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Dalbrautarreits norðurhluta verði auglýst skv. 1 mgr 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **8. 2409240 - Jaðarsbakkar íþróttasvæði - beiðni um gögn**

Skipulagsfulltrúi leggur fram minnisblað varðandi beiðni um gögn fyrir íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirliggjandi minnisblað skipulagsfulltrúa sem svar við beiðni um gögn fyrir íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum.*

#### **9. 2409309 - Framkvæmdir við Viðgerðarbryggju við Lambhúsasund**

Erindi Faxaflóahafna varðandi framkvæmdir án tilskilins leyfis við Viðgerðarbryggju við Lambhúsasund.

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar fyrir erindið og brýnir um leið mikilvægi þess að sótt sé um framkvæmdarleyfi fyrir þær framkvæmdir í bæjarlandinu þar sem það á við.*

#### **10. 2409311 - Framkvæmdaleyfi - sjósetningaraðstaða Akraneshöfn**

Umsókn Faxaflóahafna um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á sjósetningaraðstöðu. Framkvæmdin hefur ekki áhrif á aðra en sveitarfélagið.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framkvæmdarleyfi vegna endurbóta á sjósetningaraðstöðu, skv. 13 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi.*

#### **11. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Umfjöllun skipulags- og umhverfissráðs um stefnumótun Akraneskaupstaðar.

*Skipulags- og umhverfissráð listar upp lykilverkefni sem leggja á áherslu næstu 1-2 árin.*

**12. 2309071 - Golfklúbburinn Leynir - viðhaldsverkefni húsnæðis vegna lekavandamála**

Ósk Golfklúbbsins Leynis um svör frá Akraneskaupstað sökum stöðugar ógnar er steðjar að Garðavöllum (frístundamiðstöð) vegna ítrekaðra lekavandamála í kjallara húsnæðis.

*Verkefnastjóra fasteigna og rekstrarstjóra þjónustumiðstöðvar er falið að vinna málið áfram. Horft verði m.a. til þeirra hugmynda sem fram hafa komið um lausn vandans.*

**13. 24042348 - Garðavöllur - stækkun á landssvæði**

Golfklúbburinn Leynir óskar eftir að Akraneskaupstaður skrifi undir viljayfirlýsingu um stækkun á svæði Garðavalla (golfvallar).

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar stjórn Leynis fyrir eftirfylgnina á þessu máli. Ráðið tekur jákvætt í frekari þróun golfsvæðisins. Ráðið telur að skynsamlegast sé að skoða breytingar golfvallarins samhliða skipulagsvinnu Akrakotslands. Stefnt er að því að sú vinna hefjist á komandi ári. Að þessu gefnu telur ráðið að undirritun viljayfirlýsingar um stækkun golfvallar sé ekki tímabær að svo stöddu.*

**14. 2409315 - Garðavöllur - Umsókn um endurnýjun á lóðaleigusamning**

Golfklúbburinn Leynir óskar eftir að fá í gildi viðurkenndan lóðaleigusamning á því landi sem GL nýtir í dag undir Garðavöll.

*Skipulags- og umhverfisráð telur að skynsamlegast sé að lóðarleigusamningur sé unnin samhliða skipulagsvinnu Akrakotslands. Stefnt er að því að sú vinna hefjist á komandi ári.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00.**